

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Egilsstaðahreppi og aðgangur seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
- e. Fræðandi fyrirlestrar og upplestrar.

2. flokkur.

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% af aðgangseyri og 20% af skemmtun í 2. flokki. Ef skemmtunin er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattlagður.

4. gr.

Undanþágu frá skatti getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Getur hreppsnefnd þannig undanþegið skemmtanir skatti, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, svo og þær skemmtanir, sem haldnar eru sem fræðslu- og menningarstarfsemi.

5. gr.

Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé framfylgt og sér um innheimtu skattsins. Heimilt er hreppsnefnd að hafa eftirlit með sölu aðgöngumiða og getur hún enn fremur ráðið sérstakan mann til þess að annast eftirlit með skemmtunum.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar alla þá aðgöngumiða, sem ætlunin er að nota við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir samkomu, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkv. 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir voru.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn. Sé um félag að ræða, ábyrgjast allir stjórnendur þess gjaldið.

7. gr.

Oddviti eða eftirlitsmaður getur gert eftirtalin skilyrði fyrir stimplun aðgöngumiða:

1. Að aðgöngumiðar séu þannig gerðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvennt, þegar þeir eru notaðir, þannig, að dyravörður haldi öðrum hlutanum, en aðgangs-kaupandi hinum.
2. Að honum sé afhent sem tryggingarfé fjárupphæð, er svarar til skemmtanaskatts af hinum stimpluðu miðum.
3. Að ekki annist aðrir dyravörzlu á skemmtun en hann samþykkir, enda skuldbindi þessir menn sig gagnvart honum til þess að hleypa engum öðrum inn á skemmtun en þeim, sem afhenda aðgöngumiða, stimplaðan skemmtanaskatts-stimplinum.

8. gr.

Skatttekjur samkv. reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins og varðveita í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar.

Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim. Fé sjóðsins skal varið til menningar- og framfarastarfsemi í Egilsstaðahreppi eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum. Með mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem opinber mál.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. september 1962.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Áshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Kvenfélagið Björk í Áshreppi fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum undir yfirstjórn hreppsnefndar Áshrepps.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum sérstaks fulltrúa kvenfélagsins og á hann rétt á að sitja fundi hreppsnefndar, þegar rædd eru mál, er varða heimilishjálpinu. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum í hreppnum, þegar sannað er, með vottorði læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gilda, að hjálpar sé þörf, um stundarsakir, vegna slysa, sjúkdóma, barnsburðar, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal, að jafnaði, ekki veitt til lengri tíma en 14 daga.